

Þjóðlendumál: eyjar og sker (svæði 12)

Kynning á heildarkröfum skv. 12. gr. þjóðlendulaga

Hér eru kynntar kröfur sem óbyggðanefnd hafa borist vegna þjóðlendumála sem taka til eyja og skerja umhverfis landið sem eru svæði 12 við málsmeðferð nefndarinnar. Kynningin fer fram skv. 12. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, en samkvæmt henni skal óbyggðanefnd gera yfirlit yfir lýstar kröfur og kynna þær í a.m.k. einn mánuð. Athugasemdafrestur er síðan í viku að þeim tíma liðnum.

Kynning þessi á heildarkröfum stendur yfir 20. október – 20. nóvember 2025. Athugasemdafrestur er til 27. nóvember 2025. Netfang óbyggðanefndar er postur@obyggdaneftnd.is.

Svæði 12 var tekið til meðferðar 19. apríl 2023 og fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til 31. ágúst 2023 til að lýsa kröfum um þjóðlendur, væri um slíkar kröfur að ræða. Fresturinn var framlengdur þrisvar, síðast til 2. febrúar 2024 og kröfur ríkisins bárust óbyggðanefnd þann dag. Þær voru síðan endurskoðaðar í október 2024 og samhliða því var opnuð rafræn kortasjá um kröfurnar. Kröfulýsingarfrestur annarra var upphaflega veittur til 15. maí 2024 en hann var framlengdur nokkrum sinnum, síðast til 14. febrúar 2025.

Óbyggðanefnd birti 10. apríl 2025 umfjöllun um almenn álitafni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins og gerði m.a. grein fyrir því að þar kæmu fram sjónarmið sem nefndin myndi horfa til í endanlegum úrskurðum. Íslenska ríkið tók síðan kröfugerð sína til endurskoðunar og tilkynnti í september 2025 að fallið hefði verið frá kröfum til fjölda eyja og skerja. Eftir það staðfestu lögmenn eða aðrir fulltrúar margra landeigenda að ekki væri lengur ágreiningur um mörk jarða þeirra. Auk þjóðlendukrafna fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins eru nú tíu af þeim 218 gagnkröfum sem nefndinni höfðu borist til efnislegrar meðferðar. Um er að ræða eftirfarandi jarðir eða landsvæði:

- Vestmannaeyjar
- Kvísker í Örafum
- Drangey í Skagafirði
- Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum
- Hagi á Barðaströnd
- Bjarneyjar og Stagley á Breiðafirði
- Vogur á Mýrum
- Knarrarnes á Mýrum
- Melar í Melasveit
- Eyvindarstaðir á Álftanesi

Nánari upplýsingar um kröfur og málsmeðferð:

- Kortasjá um kröfurnar: <https://obyggdaneftnd.gis.is/mapview/?app=obyggdaneftnd>
- Ýmsar upplýsingar um málsmeðferðina: https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/

Vakin er athygli á því að þjóðlendukröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins taka einnig til eyja og skerja þar sem ekki hafa borist gagnkröfur af hálfu landeigenda. Kröfur ríkisins eru auðkenndar með bláum borða í kortasjá um kröfur málsaðila. Þrátt fyrir að frestur til að lýsa kröfum hafi runnið út í febrúar 2025 tekur nefndin enn við kröfum þeirra sem telja til réttinda á svæðum sem ríkið gerir kröfu til, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga, en samkvæmt henni ber óbyggðanefnd að gefa þeim, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendu-kröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni.